



HRUNAMANNAHREPPUR

48. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 8. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 12. ÁGÚST 2009
KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 12. ágúst kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 12.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Eva Marín Hlynisdóttir varamaður Sigurðar Inga, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð og Ragnar Magnússon, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að samþykktum um fráveitu og gjaldskrá í Hrunamannahreppi (seinni umræða).
2. Heilsuþorpið Flúðum ehf. Samþykktir, stofnfundargerð frá 15. júlí, Rammasamningur dags. 15. júlí, Stofnsamningur dags 15. júlí, Tilkynning um stofnun einkahlutafélags dags. 15. júlí, yfirlýsing um uppbyggingu Heilsuþorps á Flúðum.
3. N1 – Vegna sölu á lituðu eldsneyti á Flúðum.
4. Skipulagsstofnun: Tillaga að breytingu að Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 í landi Grafar.
5. Skipulagsstofnun: Breyting á deiliskipulagi Tjald- og þjónustusvæðisá Flúðum.
6. Ferðaþjónustan – næsta sumar
7. Brunavarnir Árnessýslu: Ósk um viðræður vegna sameiningar slökkviliða.
8. Staðfesting á gjaldskrá Vatnsveitu Flúða.
9. Hverahólmi þinglýsing
10. Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs (sjá áður send gögn).

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. Minnisblað umhverfisnefndar vegna fráveitumála frá 7. ágúst s.l.
2. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð frá 5. ágúst (verður send þegar hún berst í tölvupósti).

Aðrar upplýsingar:-

- a. Alþingi: Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar
 - b. Samgönguráðuneytið: Úrskurður v. Kæru frá Árna Hjaltasyni gegn Hrunamannahreppi kveðinn upp 26. júní s.l.
 - c. Samgönguráðuneytið: Framlög úr Jöfnunarsjóði bréf frá 21. júlí s.l.
 - d. Samgönguráðuneytið: v. Húsaleigubóta og rafrænnar þjónustu bréf frá 21. júlí
 - e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fjallaskálar starfsleyfi
 - f. Matvælastofnun: Fyrirmæli v. útivistar nautpenings frá 30. júlí s.l.
 - g. UNICEF: Aðstæður íslenskra barna bréf frá 28. júlí s.l.
 - h. Sambandið: Endurgreiðsla vsk. v. slökkvibíla.
 - i. Menntamálaráðuneytið: Viðbragðsáætlun v. inflúensufaraldurs.
 - j. Menntamálaráðuneytið: Niðurskurður til námsgagnasjóðs.
 - k. Vegagerðin: Afgreiðsla styrkumsóknar 2009.
 - l. Vinnueftirlit: Áhættumat starfa og forvarnir v. öryggis og heilsu starfsmanna.
 - m. FFF Félag fagfólks í frítímaþjónustu: Bréf frá 15. júlí s.l.
 - n. AFS Alþjóðleg fræðsla og samskipti:
 - o. Þjóðhátíðarnefnd Hrunamannahrepps samantekt á kostnaði.
 - p. Sambandið: Fundargerð 765. fundar stjórnar.
 - q. Sambandið: Lýðræðismál í sveitarfélögum og málþing 19. ágúst n.k.
- Ársskýrsla Byggðasafns Árneseinga liggur frammi á skrifstofu.*

Gengið til dagskrár

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Drög að samþykktum um fráveitu og gjaldskrá í Hrunamannahreppi (seinni umræða).** Oddviti lagði fram til seinni umræðu drög að samþykktum um fráveitu og gjaldskrá. Hreppsnefnd samþykkir drögin með þeirri breytingu að í 18 gr. annarri línu fellur út orðið **árlegt** og í sjöundu línu falla út orðin **hvers árs**. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samþykktirnar og auglýsa síðan í B deild Stjórnartíðinda.
2. **Heilsuþorpið Flúðum ehf. Samþykktir , stofnfundargerð frá 15. júlí, Rammasamningur dags. 15. júlí, Stofnsamningur dags 15. júlí, Tilkynning um stofnun einkahlutafélags dags. 15. júlí, yfirlýsing um uppbyggingu Heilsuþorps á Flúðum.** Oddviti lagði fram og kynnti ofangreind gögn. Þá sagði sveitarstjóri frá fundi sem haldin var s.l. mánudag sem hann og oddviti sátu með forsvarsmönnum Heilsuþorpsins. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind gögn, samþykktir og samninga varðandi Heilsuþorp á Flúðum.
3. **N1 – Vegna sölu á lituðu eldsneyti á Flúðum.** Oddviti kynnti bréf frá fulltrúum N1 þar sem óskað er eftir að ákvörðun Byggingafulltrúa, sem þeim var kynnt með bréfi 25.júní sl. verði hnekkt en þar er hafnað hugmyndum um að lituð olía verði seld í tanki ofanjarðar. Hreppsnefnd fagnar því að N1 vilji selja litað eldsneyti en telur nauðsynlegt að tankurinn verði grafinn niður með þar til gerðum skiljum þar sem á sama plani eru bílastæði fyrir Gisti og veitingasóluna á Grund. Hreppsnefnd bendir einnig á möguleika á að setja tank fyrir litað eldsneyti ofan jarðar í nýju iðnaðarhverfi á Flúðum.
4. **Skipulagsstofnun: Tillaga að breytingu að Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 í landi Grafar.** Oddviti kynnti bréf frá Skipulagsstofnun, þar sem vísað er til erindis Hrunamannahrepps frá 30. júní 2009. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við auglýsingu aðalskipulagstillögunar skv. 18. gr. skipulags og byggingarlaga. Hreppsnefnd samþykkir að auglýsa breytingarnar.
5. **Skipulagsstofnun: Breyting á deiliskipulagi Tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum.** Oddviti kynnti bréf frá Skipulagsstofnun , þar sem vísað er til erindis Hrunamannahrepps frá 28. júní 2009. Þar kemur fram að Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt á deiliskipulagsbreytingu í B deild Stjórnartíðinda.
6. **Ferðaþjónustan – næsta sumar** Oddviti kynnti bréf frá Húsverði Félagsheimilis og Umsjónarmanni tjaldsvæðis, þar sem rætt er um tjaldsvæði við Félagsheimili vegna ættarmóta. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna að málinu, skoða kostnað og tekjur sem felast í framkvæmd þessara hugmynda.
7. **Brunavarnir Árnessýslu: Ósk um viðræður vegna sameiningar slökkviliða.** Oddviti kynnti erindi frá Brunavörnum Árnessýslu þar sem óskað er eftir viðræðum um sameiningu slökkviliða í sýslunni. Hreppsnefnd samþykkir að mæta til fundar til þess að ræða aukna samvinnu en sameining er ekki á dagskrá að svo stöddu.
8. **Staðfesting á gjaldskrá Vatnsveitu Flúða.** Oddviti kynnti til staðfestingar gjaldskrá Vatnsveitu Flúða. Hreppsnefnd samþykkir gjaldskrána og felur sveitarstjóra að birta hana í B deild Stjórnartíðinda.
9. **Hverahólmi þinglýsing** Oddviti kynnti framvindu málsins en haldinn hefur verið fundur með landeigendum og gögnum hefur verið komið til Sýslumannsins á Selfossi.
10. **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs (sjá áður send gögn).** Oddviti kynnti erindi til aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvar Suðurlands varðandi staðfestingu svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Hreppsnefnd samþykkir svæðisáætlunina án skuldbindinga um framkvæmdir eða framkvæmdatíma.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. Minnisblað umhverfisnefndar vegna fráveitumála frá 7. ágúst s.l. Oddviti kynnti minnisblað frá fundi umhverfisnefndar frá 7. ágúst. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og veitustjóra að reyna að finna lausn á málinu.
2. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð frá 5. ágúst (verður send þegar hún berst í tölvupósti). Oddviti kynnti fundargerð landbúnaðarnefndar frá 5. ágúst s.l. Þar er m.a. fjallað um fjallferð og smölun á Hrunamannaafretti. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og hvað varðar Hrunaréttir er starfsmönnum áhaldahúss falið að lagfæra þær fyrir réttadaginn 11. september n.k.

Aðrar upplýsingar:-

- a. Alþingi: Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar. Lagt fram til kynningar.
- b. Samgönguráðuneytið: Úrskurður v. kæru Árna Hjaltasyni gegn Hrunamannahreppi kveðinn upp 26. júní s.l. Þar er kærinni hafnað. Lagt fram til kynningar.
- c. Samgönguráðuneytið: Framlög úr Jöfnunarsjóði bréf frá 21. júlí s.l. Lagt fram til kynningar.
- d. Samgönguráðuneytið: v. Húsaleigubóta og rafrænnar þjónustu bréf frá 21. júlí Lagt fram til kynningar.
- e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fjallaskálar starfsleyfi Lagt fram til kynningar.
- f. Matvælastofnun: Fyrirmæli v. útivistar nautpenings frá 30. júlí s.l. Lagt fram til kynningar.
- g. UNICEF: Aðstæður íslenskra barna bréf frá 28. júlí s.l. Lagt fram til kynningar.
- h. Sambandið: Endurgreiðsla vsk. v. slökkvibíla. Lagt fram til kynningar.
- i. Menntamálaráðuneytið: Viðbragðsáætlun v. influensufaraldurs. Lagt fram til kynningar.
- j. Menntamálaráðuneytið: Niðurskurður til námsgagnasjóðs. Lagt fram til kynningar.
- k. Vegagerðin: Afgreiðsla styrkumsóknar 2009. Lagt fram til kynningar.
- l. Vinnueftirlit: Áhættumat starfa og forvarnir v. öryggis og heilsu starfsmanna. Lagt fram til kynningar.
- m. FFF Félag fagfólks í frítímapjónustu: Bréf frá 15. júlí s.l. Lagt fram til kynningar.
- n. AFS Alþjóðleg fræðsla og samskipti: Lagt fram til kynningar.
- o. Þjóðhátíðarnefnd Hrunamannahrepps samantekt á kostnaði. Lagt fram til kynningar.
- p. Sambandið: Fundargerð 765. fundar stjórnar. Lagt fram til kynningar.
- q. Sambandið: Lýðræðismál í sveitarfélögum og málþing 19. ágúst n.k. Lagt fram til kynningar.

Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga liggur frammi á skrifstofu.

- Oddviti sagði frá að samningar virðast vera að nást milli BáB Byggðar á Bríkum og Hrunamannahrepps. Drögin verða lögð fyrir næsta Veitustjórnarfund og síðan hreppsnefndarfund 2. september n.k. Fundur verður með fulltrúum BáB n.k. föstudag
- Oddviti sagði einnig frá fundi sem hann, sveitarstjóri og Guðmundur Hjaltason eiga með fulltrúum Vegagerðarinnar n.k. föstudag m.a. vegna innaksturs í fyrirhugaða íbúðabyggð í landi Sunnuhlíðar. Einnig verður fjallað um aðkallandi vegamál í hreppnum.
- Sveitarstjóri sagði frá fyrirhugaðri heimsókn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands á Flúðir 2. september n.k. hreppsnefndarfundur verður haldinn í beinu framhaldi af heimsókninni.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 17.40